

Umsögn utanríkisráðuneytisins um tillögu til þingsályktunar um að fordæma meðferð bandarískra stjórnvalda á flóttabörnum

Óskað hefur verið eftir umsögn utanríkisráðuneytisins vegna þingsályktunartillögu fjórtán þingmanna þess efnis að Alþingi álykti að fordæma ólöglega og ómannúðlega meðferð bandarískra stjórnvalda á flóttabörnum og fjölskyldum þeirra við landamæri Bandaríkjanna og felur ríkisstjórninni að beita sér fyrir því á alþjóðavettvangi að sundrun fjölskyldna í leit að alþjóðlegri vernd verði hætt þegar í stað.

Af þessu tilefni vill utanríkisráðuneytið koma því á framfæri að utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra hefur nú þegar komið á framfæri afstöðu íslenskra stjórnvalda til þeirra aðgerða sem bandarísk stjórnvöld gripu til á sínum tíma í þessum efnum.

Ráðherrann sagði meðal annars í viðtali við Morgunblaðið að framkvæmd landamæraeftirlits, þar sem börn væru skilin frá foreldrum sínum, samræmdist ekki þeim gildum sem íslensk stjórnvöld aðhylltust. Sagði ráðherra orðrétt við það tækifæri: „Réttindi barna og velferð skulu ávallt höfð í fyrirrúmi. Það er krafa sem er í gildi stjórnvalda allra ríkja, ekki síst réttarríkja sem byggjast á þessum grunngildum sem við aðhyllumst; lýðræði, frelsi og mannréttindum.“¹ Var þess getið í sama viðtali að málið yrði tekið upp við bandarísk stjórnvöld og það gerði utanríkisráðherra á fundi sem hann átti með Mike Pompeo, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, í Hörpunni þann 15. febrúar 2019 í heimsókn Pompeos hingað til landsins.

¹ Sjá: https://www.mbl.is/frettir/innlent/2018/06/21/omannudleg_framkvaemd/